

Starfslýsingar og hæfnikröfur umhverfis- og landbúnaðargreina

Janúar 2013

Starfslýsing

Búfræðingur starfar við landbúnað, annaðhvort við eigin rekstur eða sem starfsmaður hjá öðrum. Hann sinnir einnig öðrum störfum sem krefjast þekkingar á umhverfi landbúnaðarins og ræktun, hæfni í hirðingu og meðferð dýra, sem og færni í vélanotkun.

Búfræðingur gætir að umhverfi og öryggi. Hann fer eftir lögum og reglum sem snerta starfssvið hans.

Hæfnikröfur

Búfræðingur:

- býr yfir víðtækri þekkingu á líffræði og lífsferlum helstu nytjajurta og búfjárkynja í ræktun á Íslandi.
- gerir áætlanir um kynbætur á eigin búfé.
- sinnir einföldu viðhaldi eigin vélakosts.
- gerir sér grein fyrir áhrifum búskapar og búskaparháttanna á umhverfið og er meðvitaður um siðferðilega ábyrgð sína gagnvart umhverfinu og sjálfbærri nýtingu lands.
- er hæfur til að reka hefðbundið bú, s.s. kúabú, sauðfjárþú og blandað bú, þannig að reksturinn geti uppfyllt gæðakröfur og skilað eðlilegum arði.
- getur unnið sjálfstætt og leiðbeint öðrum í starfi.
- er meðvitaður um rekstrarumhverfi landbúnaðar á Íslandi, þekkir forsendur rekstrar og gerir áætlanir um fjárfestingar í eigin rekstri.
- gerir sér grein fyrir mikilvægi sjónarmiða neytenda fyrir landbúnaðinn.
- gætir að öryggi á vinnustað, m.a. með notkun persónuhlífa og öryggi búfjár.
- þekkir og fer eftir lögum og reglugerðum um landbúnað, m.a. um hirðingu og aðbúnað búfjár.

Starfslýsing

Garðplöntufræðingur/garðyrkjufræðingur á sviði garðplöntuframleiðslu starfar við garð- og skógarplöntuframleiðslu. Hann starfar ýmist við eigin rekstur, í garð- og skógarplöntustöð eða á vegum sveitarfélags, þá gjarnan sem verkstjóri eða garðyrkjustjóri.

Garðplöntufræðingur/garðyrkjufræðingur á sviði garðplöntuframleiðslu sér um sölu á plöntum og veitir viðskiptavinum ráðgjöf um allt er varðar ræktun plantna í görðum og á opnum svæðum á Íslandi. Hann gætir að umhverfi og öryggi.

Hæfnikröfur

Garðplöntufræðingur/garðyrkjufræðingur á sviði garðplöntuframleiðslu:

- býr yfir víðtækri sérþekkingu á plöntutegundum sem henta fyrir íslensk ræktunarskilyrði.
- velur og beitir fjölgunar- og ræktunaraðferðum plantna sem henta hverju sinni og beitir ræktunartækni við úrlausn á vandamálum sem geta komið upp í framleiðslunni. Þá ber hann ábyrgð á gæðum plantna sem hann framleiðir.
- setur upp ræktunaráætlanir fyrir garðplöntuframleiðslu við íslensk skilyrði og fylgir þeim eftir, þar með talið val á tegundum og yrkjum, fjölgunaraðferðum, viðeigandi jarðvegsefnum, uppeldi í gróðurhúsum og utan þeirra, pottastærðum, viðeigandi áburðargjöf og vatnspörf og viðbrögð við meindýrum og sjúkdómum.
- skipuleggur ræktunarsvæði á hagkvæman og skilvirkan hátt, er meðvitaður um umhverfisáhrif og þekkir leiðir til að fyrirbyggja neikvæð áhrif.
- tekur sjálfstæðar ákvarðanir og leiðbeinir um val og meðferð á plöntum.
- getur tjáð sig, munnlega og skriflega, um stöðu og framtíð greinarinnar út frá faglegum sjónarmiðum.
- getur sett upp rekstraráætlanir og er hæfur til að skipuleggja og stýra eða reka garðyrkjustöð eða aðra starfsemi með hagkvæmum hætti.
- gætir að öryggi á vinnustað, m.a. með notkun persónuhlífa.

Starfslýsing

Skógtæknir/garðyrkjufraeðingur á sviði skógar og náttúru starfar við umhirðu skóglendis og grænna svæða í grennd við byggð, gjarnan við umsjón útivistarsvæða. Hann sér um eftirlit, verkstjórn og fræðslu á sviði náttúruumönnunar, þ.e. skógræktar, náttúruverndar og landgræðslu.

Skógtæknir/garðyrkjufraeðingur á sviði skógar og náttúru gætir að öryggi, fer eftir lögum og reglugerðum sem snerta starfssvið hans og er fær um viðtæka ráðgjöf.

Hæfnikröfur

Skógtæknir/garðyrkjufraeðingur á sviði skógar og náttúru:

- þekkir helstu tegundir trjágróðurs í ræktun á Íslandi, vistfræði íslensks gróðurlendis og er hæfur til að meta landgæði.
- þekkir algengustu skaðvalda í skóg- og trjárækt og mótvægisáðgerðir gegn þeim.
- kann aðferðir við viðarvinnslu.
- gerir áætlun um framleiðslu skógarplantna og skjólbeltaplantna og skipuleggur skjólbeltaræktun.
- skipuleggur og gróðursetur, hirðir um og grisjar í skógarreitum í samræmi við skógræktaráætlanir.
- skipuleggur og leggur akvegi, gönguleiðir og reiðleiðir um opin svæði í útjaðri þéttbýlis í samræmi við svæðisskipulag og gildandi lög og reglugerðir. Hann gerir áætlun um viðhald á viðkomandi mannvirkjum.
- tekur sjálfstæðar ákvarðanir og leiðbeinir um val og meðferð á plöntum og trjágróðri, við umhirðu skógar og opinna svæða og um algengustu skaðvalda í skóg- og trjárækt og mótvægisáðgerðir gegn þeim.
- getur tjáð sig, munnlega og skriflega, um stöðu og framtíð greinarinnar út frá faglegum sjónarmiðum.
- getur tekið að sér verkstjórn og er hæfur til að reka smáfyrirtæki.
- gætir að öryggi á vinnustað, m.a. með notkun persónuhlífa.

Starfslýsing

Ylraektarfræðingur/garðyrkjufraeðingur á sviði ylraektar starfar við ylraektar- og útimatjurtaframleiðslu í garðyrkjustöð, annaðhvort við eigin rekstur eða hjá öðrum og þá gjarnan sem verkstjóri eða ræktunarstjóri.

Ylraektarfræðingur/garðyrkjufraeðingur á sviði ylraektar sér um sölu á plöntum og veitir viðskiptavinum ráðgjöf um allt er varðar afurðir ylraektunar og annarrar matjurtaframleiðslu. Hann gætir að umhverfi og öryggi.

Hæfnikröfur

Ylraektarfræðingur/garðyrkjufraeðingur á sviði ylraektar:

- þekkir helstu tegundir og yrki fyrir mismunandi tegundir ræktunar, fjölgun, uppeldi, ræktunarpláss, jarðvegsgerð, áburðargjöf, koltvísýringsgjöf, lýsingu/myrkvun og viðbrögð við meindýrum og sjúkdómum.
- setur upp og fylgir eftir ræktunaráætlunum fyrir helstu tegundir pottaplantna, afskorinna blóma og matjurta í ræktun á Íslandi, bæði í gróðurhúsum og á frílandi. Hann beitir ræktunartækni til úrlausnar á vandamálum sem geta komið upp í framleiðslunni. Þá ber hann ábyrgð á gæðum matjurta og plantna sem hann framleiðir.
- stýrir umhverfisþáttum í gróðurhúsum, s.s. lýsingarmagni, hitastigi, áburðargjöf, vökvun og myrkvunarbúnaði og bregst við vandamálum sem upp kunna að koma.
- er meðvitaður um umhverfisáhrif framleiðslunnar og þekkir leiðir til að fyrirbyggja neikvæð áhrif.
- getur unnið sjálfstætt og leiðbeint öðrum í starfi.
- getur tjáð sig, munnlega og skriflega, um stöðu og framtíð greinarinnar út frá faglegum sjónarmiðum.
- er hæfur til að skipuleggja og reka garðyrkjustöð með hagkvæmum hætti.
- gætir að öryggi á vinnustað, m.a. með notkun persónuhlífa.

Starfslýsing

Blómaskreytir vinnur í blómaverslun eða blómaheildsölu við vöruuppsetningu, sölu og ráðgjöf til viðskiptavina. Hann útbýr skreytingar fyrir öll tækifæri, ráðleggur um plöntuval í garða og hefur ríkar starfsskyldur gagnvart viðskiptavinum.

Blómaskreytir er hæfur til að starfa sem verslunarstjóri blómaverslunar og reka eigið blómaskreytingafyrirtæki.

Hæfnikröfur

Blómaskreytir:

- hefur viðtæka plöntuþekkingu og meðhöndlar afskorin blóm og annað skreytingaefni í samræmi við þarfir viðkomandi tegunda.
- þekkir algengustu skaðvalda garð- og pottaplantna og mótvægisáðgerðir gegn þeim.
- útbýr blómaskreytingar í öllum helstu stílbrigðum og sér til þess að framsetning vöru og útstilling sé í samræmi við tilefni.
- býr yfir góðri sölutækni, getur metið aðstæður á markaði og er fær um að reka blómaverslun með hagkvæmum hætti.
- getur unnið sjálfstætt og leiðbeint öðrum í starfi.
- getur tjáð sig, munnlega og skriflega, um stöðu og framtíð greinarinnar út frá faglegum sjónarmiðum.
- miðar störf sín við óskir og þarfir viðskiptavina og leiðbeinir þeim um val og meðferð afskorinna blóma, pottaplantna, garðblóma, trjáa og runna.
- kemur fram af fagmennsku og virðingu við viðskiptavini, er meðvitaður um ábyrgð sína og siðferðilega stöðu þegar þörfum þeirra er sinnt, sérstaklega í kringum merka atburði í lífi þeirra.

Starfslýsing

Skrúðgarðyrkjufraeðingur starfar við nýframkvæmdir og viðhald í görðum og á opnum svæðum. Einnig veitir hann ráðgjöf um garðplöntur og garðrækt.

Hann er ýmist með eigin rekstur eða starfar hjá skrúðgarðyrkjumeistara, sveitarfélagi, fyrirtæki eða stofnun, þá gjarnan sem verkstjóri eða garðyrkjustjóri.

Hæfnikröfur

Skrúðgarðyrkjufraeðingur:

- hefur víðtæka sérþekkingu á jarðvegs- og yfirborðsefnum í skrúðgarðyrkju, hvort sem um er að ræða lífræn eða ólífræn efni.
- þekkir meðferð helstu tegunda garðplantna fyrir íslenskar aðstæður og algengustu skaðvalda í garðrækt og mótvægisáðgerðir gegn þeim.
- gerir og fylgir eftir umhirðuáætlunum fyrir græn svæði.
- sér um nýframkvæmdir í görðum og á opnum svæðum og viðhald gróinna svæða.
- mótar land eftir þörfum og tryggir frárennsli vatns eftir viðeigandi leiðum.
- er hæfur til að beita viðeigandi tækjabúnaði.
- leiðbeinir um val og meðferð helstu tegunda garðplantna og um algengustu skaðvalda í garðrækt og mótvægisáðgerðir gegn þeim.
- getur unnið sjálfstætt og leiðbeint öðrum í starfi.
- getur gert rekstraráætlanir og tilboð í verk og er hæfur til að reka skrúðgarðyrkjufyrirtæki.
- getur tjáð sig, munnlega og skriflega, um stöðu og framtíð greinarinnar út frá faglegum sjónarmiðum.
- gætir að öryggi á vinnustað, m.a. með notkun persónuhlífa.
- er meðvitaður um siðferðilega stöðu sína.